

## **191 fundur stjórnar SSV**

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 1 október kl.14.00 á Akranesi

Mætt voru; Ragnar Sæmundsson, Elin Ósk Gunnarsdóttir, Guðveig Eyglóardóttir, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Sigurbjörg Ottesen. Ragnheiður Helgadóttir mætti í forföllum Einars Brandssonar, Jón E. Einarsson í forföllum Péturs Davíðssonar, Bjarney Bjarnadóttir í forföllum Sigurðar Guðmundssonar og Hrafnhildur Hallvarðsdóttir í forföllum Jakobs B. Jakobssonar. Varamenn Jósefs Kjartanssonar og Júníönu Óttarsdóttur höfðu ekki tæk á því að sitja fundinn. Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sat fundinn og ritaði fundargerð.

Ragnar Sæmundsson, formaður SSV, setti fund kl.14.00

### **Dagskrá**

#### **1. Fundargerð frá 190 fundi stjórnar SSV**

Formaður lagði fram fundargerð frá 190 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

#### **2. Haustþing SSV 2025**

Stjórn samþykkti að Haustþing SSV 2025, sem fara átti fram 24 september s.l., verði haldið á Akranesi 29 október n.k.

#### **3. Starfsáætlun SSV**

Lögð fram tillaga að starfsáætlun SSV fyrir árið 2026. Stjórn gerði ekki athugasemd við áætlunina og vísaði henni til afgreiðslu haustþings

#### **4. Fjárhagsáætlun SSV**

Lögð fram tillaga fjárhagsáætlun SSV fyrir árið 2026. Stjórn gerði ekki athugasemd við áætlunina og vísaði henni til afgreiðslu haustþings

#### **5. Gott að eldast**

Lagt fram minnisblað frá Líf Lárusdóttur verkefnisstjóra Gott að eldast á Vesturlandi. Stjórnvöld hafa samþykkt viðbótarfjárveitingu til þess að ráða teymisstjóra til að taka þátt í og leiða heimaendurhæfingarteymi sem er í undirbúningi á Vesturlandi í samstarfi HVE og sveitarfélaga í verkefninu Gott að eldast. Stjórn SSV heimilaði framkvæmdastjóra í samráði við verkefnisstjóra og HVE að auglýsa eftir starfsmanni.

#### **6. Erindi frá sjúkrabílstjórum í Dalabyggð**

Lagt fram erindi frá sjúkrabílstjórum hjá HVE í Dalabyggð. Framkvæmdastjóri greindi frá fundi sem hann átti með Jóhönnu Fjólu framkvæmdastjóra HVE þar sem kom fram að

verið er að skoða skipulag aksturs sjúkrabíla og mun framkvæmdastjóri HVE greina nánar frá því á fundi með sveitarfélögunum þann 21 október n.k.

## **7. Starfamessur á Vesturlandi 2025**

Lagt fram minnisblað um undirbúning að starfamessum sem haldnar verða í framhaldsskólunum á Vesturlandi. Fram kom að starfamessan í Fjölbrautarskóla Snæfellinga sem fór fram 30 september sl. hefði gengið mjög vel. Næsta starfamessa mun fara fram í Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi 3. október og 14 október verður haldin starfamessa í Menntaskóla Borgarfjarðar.

## **8. Almannaþing Vesturlands**

Lagt fram minnisblað um starfsemi og skipulag almannaþing Vesturlands sem SSV vann að beiðni Bjarka Þorsteinssonar formanns Almannaþing Vesturlands. Stjórn samþykkti að boða til fundar með sveitarfélögum á Vesturlandi um skipulag almannaþinga.

## **9. Farsæld á Vesturlandi**

Stjórn lýsti yfir ánægju sinni með stofnun Farsældarráðs Vesturlands, en samstarfsyfirlýsing um stofnun þess var undirrituð á Akranesi 1. október 2025. Öll sveitarfélög á Vesturlandi ásamt HVE, lögreglunni, sýslumanni, framhaldsskólunum, Ungmennaráði Vesturlands og SSV undirrituðu yfirlýsinguna.

## **10. Umsögn um frumvarp til fjárlaga**

Framlagt erindi frá Alþingi þar sem SSV er gefinn kostur á því að veita umsögn um tillögu að fjárlögum fyrir árið 2026. Framkvæmdastjóri falið að senda inn umsögn.

## **11. Fundur með þingmönnum NV-kjördæmis**

Formaður fór stuttlega yfir fund með þingmönnum NV-kjördæmis sem fór fram miðvikudaginn 1 október. Jafnframt var rætt hversu mikilvægt það er að gæta þess að kjördæmavika alþingis og fjármálaráðstefna sveitarfélaga sé ekki haldin í sömu viku.

## **12. Breytingar á úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Vesturlands.**

Framlögð tillaga að breytingum á úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Stjórn samþykkti tillöguna.

## **13. Ársreikningur Markaðsstofu Vesturlands**

Ársreikningur Markaðsstofu Vesturlands lagður fram til samþykktar. Stjórn samþykkti tillöguna.

## **14. Framlögð mál**

Fundargerðir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og öðrum landshlutasamtökum.

Í lok fundar minntust stjórnsmenn Svölu Svardsóttur verkefnisstjóra hjá SSV sem féll frá 22 september sl., en Svala hóf störf hjá SSV árið 2018 og hafði því starfað í sjö ár hjá

samtökunum. Samþykkt var að heiðra minningu Svölu með því að greiða framlag frá SSV inn á söfnunarreikning í nafni barna hennar.

Fundi slitið kl.14.55